

Nd.

846. Frumvarp til laga

[312. mál]

um breyting á lögum nr. 73 9. október 1968, um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara, tæknifræðinga eða byggingafræðinga.

(Eftir 2. umr. í Nd., 14. apríl.)

1. gr.

Fyrirsögn laganna breytist þannig:

Á milli orðanna „húsameistara“ og „tæknifræðinga“ komi orðin: húsgagna- og innanhússhönnuði.

2. gr.

Á eftir 9. gr. laganna komi tvær nýjar greinar sem verða 10. og 11. gr. og greinatala laganna breytist því til samræmis, svohljóðandi:

(10. gr.)

Rétt til að kalla sig húsgagna- og innanhússhönnuði hafa þeir einir hér á landi sem fengið hafa til þess leyfi ráðherra.

(11. gr.)

Engum má veita leyfi það sem um getur í 10. gr. nema hann hafi stundað nám og lokið fullnaðarprófi við listiðnaðarskóla eða aðra sérskóla sem ráðherra viðurkennir sem fullgildan skóla í þeirri grein, að fenginni umsögn stéttarfélags húsgagna- og innanhússhönnuða.

Þeir sem fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í 1. mgr. þessarar greinar, eiga rétt á að þeim sé veitt leyfi til að kalla sig húsgagna- og innanhússhönnuði.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

4. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 73 9. október 1968, um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara, tæknifræðinga eða byggingafræðinga, og gefa þau út svo breytt.